

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Yfirlýsing um stjórnarhætti

Borgarstjórn Reykjavíkur leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Um stjórnarhætti sveitarfélagsins gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum og samþykkt fyrir stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715 frá 8. júlí 2013, með síðari breytingum og viðaukum. Reykjavíkurborg er með skráð skuldabréf í kauphöll og lýtur því reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga, sem Kauphöll Íslands gefur út.

Borgarstjórn Reykjavíkur er skipuð tuttugu og þremur borgarfulltrúum og jafnmörgum til vara, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna. Borgarstjórn kýs forseta borgarstjórnar og fjóra varaforseta úr hópi borgarfulltrúa til eins árs í senn. Borgarstjórn kýs úr hópi borgarfulltrúa sjö aðalmenn í borgarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Borgarstjórn kýs formann og varaformann borgarráðs úr hópi kjörinna borgarráðsmanna. Upplýsingar um kjörna fulltrúa í borgarstjórn, trúnaðarstörf þeirra á vegum borgarstjórnar og fjárhagslega hagsmuni þeirra er að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is.

Fjöldi fulltrúa í borgarstjórn og nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins ræðst bæði af ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar sem aðgengileg er á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Þar má sjá hverjir sitja í einstökum nefndum, ráðum og stjórnnum.

Í 2. tölul. 44. gr. sveitastjórnarlaga kemur fram regla um kynjahlutföll í nefndum sem borgarstjórn velur í. Sveitarfélagið gætir að þessum reglum við skipan í nefndir. Að því er borgarstjórnina varðar, ræðst samsetningin af röðun á framboðslista og niðurstöðum kosninga til sveitarstjórnar. Í borgarstjórn sitja nú fulltrúar 8 stjórnarmálaflokka, 15 konur og 8 karlar með ólíkan bakgrunn og menntun.

Borgarstjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og að það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi, í samræmi við markmið sveitarfélagsins, að það veiti áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og að það fylgi lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar starfar á vegum borgarstjórnar skv. IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga og starfar á grundvelli samþykktar fyrir stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 og eftir því sem lög mæla fyrir um. Endurskoðunarnefnd er skipuð fjórum fulltrúum, þremur skipuðum af borgarstjórn Reykjavíkurborgar og einum skipuðum samkvæmt tilnefningu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Nefndina skipa: Lárus Finnbogasonn, löggiltur endurskoðandi, formaður, Einar s. Hálfðánarson, hrl og löggiltur endurskoðandi, Sigrún Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi, og Sunna Jóhannsdóttir, viðskiptafræðingur. Á heimasíðu sveitarfélagsins má sjá samþykkt sem borgarstjórn hefur sett fyrir endurskoðunarnefnd.

Innri endurskoðun fer með fjármála- og stjórnsýslueftirlit hjá Reykjavíkurborg í umboði borgarráðs. Í því felst að með störfum sínum leggur innri endurskoðun mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlitsaðferða og stjórnarháttanna hjá stofnunum og félögum í meirihlutaeigu Reykjavíkurborgar. Starfsreglur innri endurskoðunar, sem borgarráð hefur samþykkt, eru aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins. Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar er Hallur Símonarson.

Um áhættustýringu er vísað ákvæða í VII. kafla sveitarstjórnarlaga, s.s. um fjárstjórnarvald, bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins, ábyrga meðferð fjármuna, miklar fjárfestingar og skuldbindingar og takmarkanir er varða veðsetningar og ábyrgðaveitingar. Sveitarfélagið fer að ákvæðum sveitarstjórnarlaga hvað þetta varðar.

Reglulegur hluti af starfsemi sveitarfélagsins er að hafa eftirlit með helstu þáttum í rekstri sveitarfélagsins og tryggja þannig samfellu í rekstri og lágmörkun áhættu. Áhættustýring er samofin ábyrgð við daglegan rekstur borgarinnar. Til að tryggja að reikningsskil sveitarfélagsins séu í samræmi við sveitarstjórnarlög og settar reikningsskilareglur, hefur sveitarfélagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið, eðlilega aðgreiningu starfa, reglulega skýrslugjöf, skýrar verklagsreglur og verkferla. Ferli mánaðarlegrar skýrslugjafar, ásamt rýni fyrir einstök fagsvið, er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og fylgni við samþykktar fjárhagsáætlun. Fjármálaskrifstofa vinnur mánaðarleg uppgjör og leggur fyrir borgarráð.

Um siðareglur og góða starfshætti er fjallað í 29. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarfélagið hefur sett siðareglur, dags. 10. janúar 2017, sem aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Ófjárhagslegar upplýsingar

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld, sem er stjórnað er af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnunum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er falið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál, skipulagsmál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnáskilum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup.

Engin veruleg frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins, sem tengist umhverfis-, félags- og starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.

Starfsmannamál

Markmið starfsmannastefnu er að Reykjavíkurborg hafi alltaf á að skipa hæfum og áhugasömum starfsmönnum, sem geta tryggt nauðsynlegt frumkvæði í störfum og veitt góða þjónustu og brugðist við sýbreytilegum þörfum Reykjavíkurborgar. Starfsmannastefnan á að tryggja starfsmönnum ákveðin starfsskilyrði og möguleika á að vaxa og dafna í starfi. Leitast skal við að skapa starfsmönnum aðstæður til að samræma starf og fjölskyldulíf.

Umhverfis- og auðlindastefna

Lífsgræði núlifandi og næstu kynslóða borgarbúa verða tryggð með því að meta auðinn sem felst í þjónustu náttúrunnar og hreinu umhverfi. Þjónusta náttúrunnar verður styrkt og neikvæð umhverfisáhrif lágmarkuð. Stefnunni verður framfylgt í eftirfarandi níu málaflokkum: Auðlindir, samgöngur, skipulag, gæði umhverfis, loftslagsmál, menntun til sjálfbærni, náttúra og útivist, neysla og úrgangur og rekstur Reykjavíkurborgar. Á árinu 2018 samþykktur grænn rammí Reykjavíkurborgar sem er settur fram í samræmi við alþjóðleg viðmið, svonefnd *Green Bond Principle*, með skírskotun í sjálfbærni viðmið Sameinuðu þjóðanna. Græni ramminn lýsir forsendum útgáfu grænna skuldabréfa Reykjavíkurborgar en þau fengu afar góðar viðtökur á innlendum skuldabréfamarkaði undir árslok 2018.

Mannréttindastefna

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjeningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgæðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.

Innkaupareglur

Innkaupareglur eiga að stuðla að vönduðum, hagkvæmum og vistvænum innkaupum Reykjavíkurborgar og tryggja gæði vöru, þjónustu og verka sem borgin kaupir. Einnig stuðla að því að Reykjavíkurborg hagi innkaupum sínum í samræmi við góða viðskiptahætti og tryggja að stjórnáskil Reykjavíkurborgar á sviði innkaupa sé í samræmi við vandaða stjórnáskiluhætti og stuðla að því að almennar kröfur um stjórnfestu og fyrirsjáanlega framkvæmd, gegnsæi, jafnræði og málskotsrétt séu virtar við innkaup á vegum Reykjavíkurborgar. Jafnframt að stuðla að virkri samkeppni fyrirtækja á markaði og efla nýsköpun og þróun við innkaup Reykjavíkurborgar á vörum, verkum og þjónustu.

Fjárstýringarreglur

Sett hefur verið stefna og reglur um fjárhagslega áhættustýringu, sem birtast í hlutverki áhættustýringahóps og stefnu og reglum um fjárstýringu. Fjárstýringarreglur eiga að tryggja að Reykjavíkurborg eigi ávallt aðgengi að nægjanlegu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs, þar með talið ábyrgðarskuldbindingar vegna fyrirtækja í eigu borgarinnar. Fjárstýring skal auk þess lágmarka fjármagnskostnað og hámarka ávöxtun lausafjár í samræmi við fjárfestingarheimildir hverju sinni með virkri lána- og lausafjárstýringu.